

26. júní 2015

Tilv.

Skaftárhreppur  
Vigfús Þór Hróbjartsson  
Klausturvegi 10  
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 24. júní 2015  
UST201506-160/M.I.K.  
10.05.02

### Efni: Umsögn Umhverfisstofnunar varðandi umsókn um stöðuleyfi við Kirkjufellsvatn

Umhverfisstofnun hefur borist ósk um umsögn varðandi stöðuleyfi húss og rotþrór til eins árs við austasta horn Kirkjufellsvatn í Skaftárhreppi.

Umhverfisstofnun bendir á að umrætt svæði er ekki innan Friðlands að Fjallabaki og þarf því ekki að sækja um framkvæmdarleyfi til stofnunarinnar varðandi umrædda framkvæmd. Þá er svæðið ekki á náttúruminjaskrá og þarf því ekki að leita umsagnar Umhverfisstofnunar.

Stofnunin minnir á að samkvæmt grein 2.6.1. í Byggingareglugerð er ekki hægt að gefa stöðuleyfi fyrir hús nema um sé að ræða frístundahús í smíðum sem er ætlað er til flutnings.

Meðf. er úrdráttur 2.6.1. úr Byggingareglugerð.

Virðingarfallst

Jón Björnsson  
Sérfræðingur

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Sérfræðingur

Afrit: Forsætisráðuneytið

## **Stöðuleyfi.**

2.6.1. gr.

*Umsókn um stöðuleyfi.*

*Sækja skal um stöðuleyfi til leyfisveitanda til að láta eftirsarandi lausaffármuni standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausaffármuna:*

- a) *Hjólhýsi, á tímabilinu frá 1. október til 1. maí.*
- b) *Gáma, báta, torgsöluhús, frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, og stór samkomutjöld.*

*Umsókn um stöðuleyfi skal vera skrifleg og undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi hlutar og skal fylgja samþykki eiganda eða lóðarhafa þeirrar lóðar sem fyrirhugað er að lausaffármunirnir standi á. Í umsókn skal gerð grein fyrir tilgangi og lengd stöðuleyfis.*

*Með umsókn skulu fylgja uppdrættir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit og gerð, fyrirkomulag og öryggi lausaffármunanna. Lausaffármuni skal staðsetja þannig að almenningi stafi ekki hætta af og ekki sé hætta á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi húsi. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torveldað. Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að ekki skapist hætta vegna lausaffármuna og er leyfisveitanda heimilt að krefja eiganda um gögn og rökstuðning þar að lútandi.*

*Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að hreinlætisaðstaða í og við lausaffármuni sem falla undir þessa grein uppfylli ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði laga um fráveitur og laga, reglugerða og reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öruggi á vinnustöðum eftir því sem við á hverju sinni.*

*Stöðuleyfi skulu mest veitt til 12 mánaða nema ákvæði skipulags mæli fyrir um annað.*